

Fundur Fagráðs ÞÍH 8. janúar 2019 kl 13.00 fundarherbergi ÞÍH

Mættir: Óskar Reykdalsson, Örn Ragnarsson, Íris Dröfn Björnsdóttir, Hulda Gestsdóttir, Pétur Heimisson, Súsanna Björg Ástvaldsdóttir, Sigríður Sía Jónsdóttir, Ragnar Pétur Ólafsson, Oddur Steinarsson, Emil L. Sigurðsson sem ritaði fundargerð. Anna Guðríður Gunnarsdóttir boðaði forföll.

- Kynning á fulltrúum Fagráðsins
- Rætt var almennt um verkefni Þróunarmiðstöðvar íslenskrar heilsugæslu.
- Klæðnaður starfsmanna heilsugæslunnar var ræddur m.t.t. útbreiðslu smitsjókdoma og þeirra breytinga sem m.a. gerðar hafa verið í Svíþjóð. Etv verkefni sem ÞÍH ætti að skoða.
- Þátttaka í bólusetningum var rædd. Ástand þeirra mála almennt gott á Íslandi. Ennfremur var fjallað um hvernig bólusetningum starfsmanna væri háttað.
- Rætt var um sérnám í héraðslækningum og hvar það ætti að eiga heima. Upplýst að málið sé í vinnslu og verið sé að ganga frá marklýsingu þess náms.
- Hjúkrunarmóttökur voru ræddar og mikilvægi þess að gerðir yrðu verkferlar um ákveðið samræmt verklag. Þá var rætt sérstaklega um símaráðgjöf hjúkrunarfræðinga. Fram kom að ÞÍH hefur fundað með Læknavaktinni vegna símaráðgjafar og hugsanlega samvinnu um uppbyggingu varðandi þann þjónustupátt. Ennfremur kom fram að til væru mjög góðar leiðbeiningar varðandi símsvörun erlendis m.a. í Danmörku og spurning hvort skoða ætti að kaupa þær leiðbeiningar og staðfæra. Ekkert ákveðið varðandi þennan þátt.
- Brotthætt lækniþjónusta úti á landi og erfiðleikar við mönnum á landsbyggðinni. Rætt um hugsanlega aðkomu ÞÍH að lausn en lausnin virðist í raun flókin og margþætt og snertir m.a. starfskjör.
- Rætt var um geðheilbrigðismál og m.a. um áhættureikni sem metið geti líkur á að sjúklingar þurfi að leggjast aftur inn á geðdeild eftir fyrri innlögn (innan 30 daga).
- Kostnaður við Fagráð var ræddur. Fundamenn voru sammála að hver og ein eining standi straum af kostnaði vegna síns fulltrúa, undantekning væri fulltrúi Háskólans á Akureyri en ÞÍH mun standa straum af ferðakostnaði þess fulltrúa.
- Varðandi væntingar heilsbrigðisstofnana til ÞÍH komu eftirfarandi hugmyndir upp:
 - Rannsóknasamvinna.
 - Áhrif á kennslu í grunnnámi m.t.t. þess að námið endurspeglir þarfir samfélagsins og þá ekki síst dreifbýlis.
 - Samhæfing verklags innan heilsugæslunnar í landinu var þungamiðja framtíðarverkefna ÞÍH.
 - Mikilvægi þess að hver og einn væri ekki að finna upp hjólið og að ÞÍH hefði frumkvæði að því að sjá til þess að allar heilsugæslustöðvar á landinu sitji við sama borð.

- Rætt um hvernig mætti einfalda verklag á heilsugæslustöðvum m.a.:
 - Tilvísanir barna til augnlækna sem greinast með sjónlagsgalla í skólaskoðun
 - Óþarfa vottorðagerð, m.a. til skóla
- Fram kom hugmynd um að á ÞÍH yrði gerð stutt samantekt á stöðu einstakra verkefna. Þannig gæti Fagráðið betur fengið yfirsýn yfir stöðu mála.
- Fram kom fyrirspurn varðandi möguleika einkarekinna stöðva til þess að fá lækna í sérnámi og læknakandidata til starfa. Forstöðumanni ÞÍH falið að kanna það.
- Ákveðið var að funda tvisvar á önn og að annar hver fundur yrði Skype-fundur. Mikilvægt sé að taka tillit til þess að sumir fulltrúar í Fagráðinu þurfi að fara um langan veg og tímasetja fundina þannig að þeir geti ferðast fram og tilbaka á sama deginum. Jafnframt að fundir yrðu boðaðir með góðum fyrirvara.
- Drög að ályktun um grunnám var samþykkt. Oddur Steinarsson mun útfæra nánar í samvinnu við aðra fulltrúa.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 15.50

Fundargerð ritaði Emil L. Sigurðsson